

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Starfsgreinasjóð Rotary á Íslandi, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra 10. júlí 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

Umdæmi 136

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir starfsgreinasjóð Rótary á Íslandi.

1. gr.

Nafn sjóðsins er „Starfsgreinasjóður Rótary á Íslandi.“ Sjóðurinn er stofnaður af Rótaryumdæminu á Íslandi í tilefni af 50 ára afmæli Rotary á Íslandi 13. september 1984. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000,00 frjáls framlög Rotarymanna á Íslandi.

3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er stofnfé hans og öll önnur framlög í sjóðinn. Raungildi höfuðstóls sjóðsins má aldrei skerða. Ávaxta skal sjóðinn á þann hátt, sem ríkulegastur er talinn á hverjum tíma.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól hans og framlög, er honum berast og skal þeim varið til árlegrar veitingar viðurkenningar, sbr. 5. grein, nema sjóðsstjórn telji rétt að fella veitningu niður. Sé veiting viðurkenningar felld niður, ákveður sjóðsstjórnin hvort úthlutunarfénu skuli bætt við höfuðstól sjóðsins eða geymt til úthlutunar síðar.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita viðurkenningu fyrir framúrskarandi afrek, sem unnin eru í einhverri starfsgrein á umdæmissvæðinu eða fyrir merkar nýjungar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal leita eftir ábendingum um æskilega aðila til að hljóta viðurkenningu, sérstaklega frá Rótarymönnum.

7. gr.

Að jafnaði skal ákveða veitingu viðurkenningar fyrir umdæmisþing Rótary á Íslandi og tilkynna hana á umdæmisþingi, sbr. þó 4. gr.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn og 5 til vara og skulu þeir kosnir af umdæmisráði til fimm ára, þannig að einn gangi úr stjórninni árlega. Umdæmisráð skipar einn þeirra formanna sjóðsstjórnar til eins árs í senn. Hverjum stjórnarmanni er aðeins heimil stjórnarseta fimm ár í senn.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er frá 1. júlí til 30. júní og skal sjóðsstjórnin semja reikninga hans árlega og leggja fyrir endurskoðendur. Umdæmisráð skipar tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn. Reikningarnir skulu einnig endurskoðaðir af ríkisendurskoðun.

10. gr.

Ákvæðum skipulagsskrár þessarar verður aðeins breytt með samhljóða samþykki sjóðsstjórnar, samþykki umdæmisráðs og samþykki dómsmálaráðuneytisins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

10. janúar 1985

Nr. 33

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

	Kr.
1. Afgreiðslugjöld	
1.1 Endurnýjun skírteina einstaklinga, þ. m. t. endurútgáfa glataðra skírteina	300
1.2 Breyting á skírteinum einstaklinga, þ. m. t. innfærsla viðbótarréttinda í skírteini	100
1.3 Fullgilding erlendra skírteina einstaklinga	1 000
1.4 Útgáfa, endurútgáfa, breyting og endurnýjun lofthæfisskírteina vélknúinna loftfara og breytinga skrásetningarskírteina, þ. m. t. breytingar á skrásetningarkerkjum	300
2. Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara.	
2.1 Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara miðast við skráðan hámarksflugtaksþunga þeirra.	
2.2 Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald.	
2.3 Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis til útflutnings er helmingur árlegs skoðunar- og eftirlitsgjalds.	
2.4 Gjald fyrir tímabundið lofthæfisskírteini (t. d. framlengingu lofthæfisskírteinis eða ferjuheimild), fer eftir gildistíma sem hlutfall af árgjaldi fyrir hvern byrjaðan mánuð.	
2.5 Hálf árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í janúar og júlí ár hvert fyrir næstliðið hálf ár eða hluta úr ári sem loftfarið hafði gilt íslenskt lofthæfisskírteini og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð.	
2.6 Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiði eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.	
2.7 Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld fyrir loftför knúin hverfilhreyflum eru:	
a) fyrir loftför allt að 5700 kg	2,00 kr/kg
b) fyrir loftför 5701—50000 kg	11 400 kr.
+ gjald fyrir þyngd umfram 5700 kg	0,90 kr/kg
c) fyrir loftför yfir 50000 kg	51 270 kr
+ gjald fyrir þyngd umfram 50000 kg	0,45 kr/kg